2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 264 14. apríl 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. janúar 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 14 12. janúar 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 859, 4. desember 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum.

1. gr.

Við A-lið 1. gr. bætist ný mgr. er orðist svo: Á þessu svæði (A) eru þó veiðar heimilar vestan 24°00'V, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 13. janúar 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. janúar 2001.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.